Flytjum myntsláttuna heim

Mér er það í barnsminni, er ég var að alast upp á Ísafirði, að farþegaskipin komu við á hverju vori, fjöldi farþega var um borð, en fleiri bættust í hópinn. Skipin voru á leið norður, farþegarnir voru síldarfólk á leið á vertíð. Allir voru eftirvæntingarfullir og bjartsýnir. Árið 1947 var ég einn þeirra sem fóru á síld. Ég var á síldarbáti. Ég hefi séð vaðandi síld allt frá Horni og austur um Grímseyjarsund. Það er ein sú fegursta sjón, sem ég hefi litið augum. Ég hefi landað síld á Raufarhöfn og sett í lúðu eða hákarl meðan við vorum í vari á Þistilfirði. Allavega var þetta risafiskur sem sleit nýja 2½ punda línu. Þessir mannflutningar norður á síld eru það sem kallað er hreyfanleiki vinnuaflsins. Nú er hreyfanleikinn ekki lengur fyrir hendi. Menn sitja á sínum stað. Ef vinna er ekki á þeim stað sem þeir búa á fara menn og fá sér atvinnuleysisbætur í lengri eða skemmri tíma. Þótt svo að á næsta firði sárvanti fólk. Þetta eru kröfur nútímans og lítið við því að segja og á ekki við hér. Til að losna við atvinnuleysi er aðeins ein lausn. Kaupa togara.

Hinar miklu umræður og blaðaskrif undanfarið um Þórshafnar- og Raufarhafnartogarann hafa ekki farið framhjá okkur myntsöfnurum. Svona miðaldastarfsemi fellur okkur jafn vel í geð og gamlir peningar. Ég get þó hugsað mér að þessi togarakaup fái farsælli endi en þrýstihópar heimamanna og þingmanna hafa ætlað. Togarinn hefir verið keyptur, það er staðreynd. Hafnirnar eru of litlar svo hann getur ekki athafnað sig nema með höppum og glöppum. Sá sem seldi togarann, umboðsaðilinn, er með allt á hreinu og fær sína hálfu milljón, sem er varla fyrir samningagerð og taugatitringi undanfarinna vikna. Allar móttökuhátíðir, skírn, ræður og myndir af frammámönnum birtast í blöðum og sjónvarpi. Allir fá það sem þeir sækjast mest eftir.

Mín tillaga er sú að Seðlabankinn fái togarann strax. Þeir í Seðlabankanum þurfa hvort eð er að fjármagna kaupin. Engum heilvita manni í Seðlabankanum dettur í hug að gera svona fallítt togara út. Haukdal lét 750 milljónir af peningunum sínum, sem áttu að fara til skipasmíða, í togarakaupin. Við setjum bara öfugt formerki á skipasmíðar og rífum togarann. Þetta eru heil 600 tonn af stáli, 50 tonn af kopar og auk þess ál og blý.

Setjum upp myntsláttu á Raufarhöfn. Þeir hafa áður slegið peninga þar, síldarpeninga. Á Þórshöfn verður togarinn rifinn og bútaður niður í hæfilegar myntstærðir. Myntsláttan á Raufarhöfn getur hafist með einföldum útbúnaði. Mynt hefir verið slegin hér í heiminum í um 2600 ár. Í 2300 ár var hún handslegin, með hamri. Þeir geta byrjað þannig. Myntin þarf ekki endilega að vera kringl-



In meiner Müntz schlag ich gericht/
Gute Müntz an kern vnd gewicht/
Gülden/Cron/Taler vnd Batzen/
Mit gutem preg / künstlich zu schatzen/
Halb Batzen/Creutzer vnd Weißpfennig/
Vnd gut alt Thurnis / aller mennig
Zu gut/in recht guter Landswerung/
Dardurch niemand geschicht gferung.

MYNTMEISTARINN

Tréskurðarmynd frá Frankfurt gerð árið 1568.




Klippingur frá 1563.




Þessi peningur, 8 reales eða pjastrar, var sleginn í Bolivíu á stjórnarárum Filippusar 3. Spánarkonungs 1598—1621. Þetta eru hinir frægu sjóræningjapeningar. Illa gerðir peningar en eftirsóttir meðal myntsafnara.

Mynt

eftir RAGNAR BORG



Myntverkstæði í Vín um 1500. Á myndinni sést málmbræðsla, hvernig slegin er málmplata, sem svo er klippt í myntstærðir. Lengst til hægri sést svo hvar peningarnir eru slegnir í móti. Í bakgrunninum er svo myntmeistarinn, sem skráir framleiðsluna í bækur, vegur peningana og sannreynir að allt sé í lagi.



Síldarpeningar slegnir á Raufarhöfn. N er fyrir Norðursíld og V fyrir söltunarstöð Valtýs Þorsteinssonar. Úr safni Freys Jóhannessonar.



MYNTSLÁTTUMAÐUR

Gömul mynd úr kirkju í Normandi

ótt. Á miðöldum þekktust klippingar, ferköntuð málmplata var klippt úr annarri stærri og svo slegið í hana verðgildi og einkenni.

Ég efa það ekki, að þú lesari minn, getur séð fyrir þér jafn vel og ég hvílíkt Gósenland verður þarna fyrir norðan. Félagslegt kjaftæði Framsóknar og Komma færist á hástig um leið og myntsláttan flyst ekki bara til Íslands heldur líka út í dreifbýlið. Og þú, lesari góður, færð að borga. Undanbragðalaust. Við myntsafnarar höfum hugsað okkur að kaupa ankerin af togaranum og láta slá úr þeim minnispening um afrekið. Peningar úr stáli eru í umferð á Ítalíu og eru afar eftirsóttir, svo eftirsóttir reyndar að þeir eru keyptir upp jafnóðum og þeir eru slegnir og notaðir innan í tölur á föt sem saumuð eru í Hong Kong. Íslenska stálmyntin frá Raufarhöfn og Þórshöfn verður örugglega jafn eftirsótt hvort heldur hún er ferköntuð eða kringlótt því hún verður minning um fjárglæfraspil sem verið hefir með eindæmum frá upphafi til enda.

Fundur verður í dag hjá Myntsafnarafélaginu kl. 14.30 í Templarahöllinni.

VINNAN – FÓLKIÐ – LANDIÐ

Í vestri sal Kjarvalsstaða sýna um þessar mundir tveir ungir menn, sem sækja myndefni sitt í líkamleg átök hins vinnandi manns, til fólksins sjálfs, auk þess sem þeir draga upp útlínur landsins. Hér er raunsæi á ferð, en enginn skáldskapur, hinir ungu menn yrkja ekki í fólkið né landið, heldur lýsa því rétt og slétt.

Í hvert skipti sem ég sé slíkar sýningar spyr ég sjálfan mig þeirrar áleitnu spurningar, hvort vinna sé einungis tengd líkamlegum athöfnum. Er ekki vinna að hugsa? Er það ekki vinna að finna upp tækin, sem fiskimenn nota við veiðar sínar? Þurfti ekki hugvit til að finna upp hamar og steðja, eða t.d. hin flóknu tæki er leita upp fiskinn? Ennþá mun mörgum það ekki ljóst að andleg átök hafa jafnvel meiri áhrif á líkamann en þau sýnilegu, að það útheimtir mikið líkamlegt þrek að standast undir andlegum heilabrotum. Ég á hér við markvissa andlega vinnu en ekki doða uppgjafar og iðjuleysis, sem einmitt leiðir til líkamlegrar hnignunar og veikinda.

Bera menn sama hugarfar til andlegra afkasta og líkamlegra? Því er fljótsvarað. Pínóleikari eða söngvari, sem lendir í margmenni, er iðulega beðinn um að miðla af sérþekkingu sinni endurgjaldslaust, sem þá hefur í flestum tilvikum kostað hann margra ára nám, blóð, tár og svita. Verkamaður sem lendir í gleðiskap verður hins vegar aldrei fyrir þeirri reynslu, að vera á sama hátt beðinn um að grafa skurð í kringum hús né iðnaðarmaðurinn beðinn um að mála salernið til að mynda.

Þessi dæmisaga kemur af sjálfu sér, því að það er rangt að einskorða vinnu við líkamleg störf eingöngu.

Á bak við slík viðhorf glittir að sjálfsögðu í stjórnmálaleg stefnumörk — hylling líkamlegrar vinnu.

Það merkilega við slíka stefnu í listum, líkt og allar sértrúarstefnur yfirhöfuð, er að það eru ekki einstefnu- áhangendur slíkra afmarkaðra viðhorfa, sem átakamestu verkin koma frá á listsviðinu. Sagan segir okkur t.d. að það eru ekki trúuðustu málararnir, sem gert hafa mestu kirkjulegu listaverkin og ei heldur þeir, sem einskorðað hafa sig við kirkjulega list eingöngu. Það eru einmitt miklir átakamenn á listasviði er ávallt gera stórbrotnustu verkin á hvaða sviði sem er, því að það er einmitt

Borgarfjörður:

Ómældir skaðar en engin slys

Borg, Miklaholtshreppi, 19. febrúar.

Á MÁNUDAGSKVÖLD milli klukkan 19 og 20 skall á hið versta veður af suðri, fyrst með snjókomu en síðan með slyddu og rigningu. Um klukkan 23 má segja að hér hafi verið komið fárviðri og mátti heita að það stæði til klukkan 2 um nóttina. Elstu menn hér í sveit muna ekki annað eins veður af þessari átt.

Víða urðu ómældir skaðar í þessum veðurofsa en ekki urðu slys á fólki sem betur fer. Rafmagn fór af um kvöldið og kom ekki aftur fyrr en eftir sólarhring. Þá rofnaði einnig símasamband og það kom ekki í lag fyrr en í gærkvöldi. Undanfarið hefur kyngt niður miklum snjó og eru allir vegir þungfærir. Skólahald í Laugagerðisskóla hefur verið fellt niður vegna rafmagnsleysis og samgönguerfiðleika.

Hef ég reynt að hafa samband við nærliggjandi sveitir og liggja hér fyrir upplýsingar, sem ég hef fengið:

Kolbeinsstaðahreppur

Þar urðu skaðar á flest öllum bæjum en ekki mjög mikið á hverjum bæ. Mestur skaði varð á eftirfarandi bæjum: Í Hallkelsstaðahlíð eyðilagðist hlaða og geymsluhús. Í Krossholti fuku 60 plötur af nýleg-



Víða urðu skaðar í Borgarfirði af völdum óveðursins. Hér má sjá skemmdir sem urðu að Fossatúni í Bæjarsveit. Ljósm. Mbl. Ófeigur.